# Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012

## Tillaga að greinargerð.

Tillagan var samþykkt í skipulagsnefnd 7. desember 1993. Á fundi bæjarstjórnar 21. desember 1993 var tillagan tekin til fyrri umræðu og samþykkt að leita heimildar skipulagsstjórnar ríkisins á að auglýsa hana opinberlega samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

**Bæjarskipulag Kópavogs.**
21. desember 1993.

**Hér að neðan eru raktar þær breytingar á landnotkun Aðalskipulags Kópavogs 1988 - 2008 fyrir endurskoðun skipulagsins.**

**1. Sunnubraut 47.**
Breytingin felst í því að í stað opins svæðis komi íbúðarlóð.
Samþykkt í bæjarstjórn 25. júní 1991 og í skipulagsstjórn ríkisins 31. júní 1991, samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga.

**2. Heiðavallasvæði.** (Sjá ennfremur lið nr.22).
Breytingin felst í því að í stað íbúðarbyggðar og opins svæðis til sérstakra nota mun vesturhluti svæðisins nýtast sem stofnanasvæði (kirkjulóð) og opið svæði til sérstakra nota en austurhlutinn sem opið svæði til sérstakra nota (sparkvöllur, leiksvæði, trjáræktarsvæði). Norðurhluti Gagnheiðar, milli Lyngheiðar og Melaheiðar er feldur niður.
Samþykkt í bæjarstjórn 25. júní 1991, skipulagsstjórn ríkisins 31. júní 1991 og staðfest af umhverfisráðuneyti 16. september 1991, samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga.

**3. Kópavogsdalur, austan Kópavogsvallar.**
Breytingin felst í því að í stað opins svæðis austan Kópavogsvallar í Kópavogsdal, komi opið svæði til sérstakra nota (tennishús og vellir). Göngutengsl breyttust lítillega.
Samþykkt í bæjarstjórn 12. maí 1992 og í skipulagsstjórn ríkisins 13. maí 1992, samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga.

**4. Vatnsendi. Breyting áfangaraðar í uppbyggingu.**
Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir að byggingarframkvæmdir geti hafist á athafnasvæði nr. 13 og 14. og íbúðarsvæði nr. 10 (samkv. greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 1988 - 2008) á skipulagstímabilinu þ.e. fyrir 2008.
Samþykkt í bæjarstjórn 9. júní 1992 og í skipulagsstjórn ríkisins 24. júní 1992, samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga.

**5. Hafnarbraut 12.**
Breytingin felst í því að í stað iðnaðarsvæðis á ofangreindri lóð verði landnotkun blönduð þ.e. fyrir iðnað og íbúðir.
Samþykkt í bæjarstjórn 23. júní 1992 og í skipulagsstjórn ríkisins 24. júní 1992, samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga.

**6. Digraneskirkja við Digranesveg.**
Breytingin felst í því að um miðbik svæðisins sem afmarkast af Digranesvegi, Kópavogslæk, Reynihvammi og Hlíðarvegi verði landnotkun blönduð, stofnanasvæði (kirkjulóð) og opið svæði til sérstakra nota í stað opins svæðis til sérstakra nota. Ennfremur var opið svæði til sérstakra nota stækkað til austurs að Digranesvegi. Göngutengsl breyttust lítillega.
Samþykkt í bæjarstjórn 2. október 1992, í skipulagsstjórn ríkisins 16. desember 1992 og í umhverfisráðuneyti 30. desember 1992, samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga.

**7. Hlíðarvegur.**
Breytingin felst í því að í stað opins svæðis til sérstakra nota sunnan Hlíðarvegar frá húsinu nr. 56 til austurs á móts við Bröttutungu, komi 5 íbúðarlóðir með aðkomu frá Hlíðarvegi.
Samþykkt í bæjarstjórn 12. janúar 1993 og í skipulagsstjórn ríkisins 27. janúar 1993, samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga.

**8. Félagssvæði H.K. í Fossvogsdal.**
Í breytinginni felst að opnu svæði um miðbik Fossvogsdals var breytt

í opið svæði til sérstakra nota. Ennfremur var mörkum milli félagssvæðis HK. og lóðar Snælandsskóla breytt.
Samþykkt í bæjarstjórn 13. apríl 1993, í skipulagsstjórn ríkisins 4. ágúst 1993 og í umhverfisráðuneyti 26. ágúst 1993, samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga.

**9. Engihjalli 6.**
Í breytingunni felst að í stað lóðar fyrir verslun og opinbera þjónustu komi lóð fyrir verslun, opinbera þjónustu og íbúðir.
Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 11. maí 1993 og í skipulagsstjórn ríkisins 2. júní 1993, samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga.

## Eftirfarandi breytingar á landnotkun voru staðfestar með Aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2012.

### Vesturbær

**10. Hafnarbraut.**
Lóð undir skólpdælustöð við Fossvog. Landnotkun breytt úr iðnaðarsvæði í iðnaðarsvæði og stofnanasvæði.

**11. "Höfði" við Fossvog.**
Svæðið umhverfis höfðann verður undir bæjarvernd.

**12. Marbakkabraut.**
Breytt úr verslunarlóð í blandaða landnotkun þ.e. verslun og stofnun.

**13. Kastalagerði 7.**
Breytt úr íbúðarlóð í lóð undir stofnun þ.e. Safnaðarheimili Kársnessóknar.

**14. Kársnesbraut 115.**
Íbúðarlóð breytt í verslunarlóð þ.e. bensínsölu.

**15. Lóð undir skólpdælustöð.**
Opnu svæði breytt í stofnunarsvæði.

**16. Land ríkisspítala og Kópavogsleiran.**
Kópavogsbærinn, gamla Hressinsgarhælið og túnið austur af bænum að Hafnarfjarðarvegi og Kópavogsleiran verða undir bæjarvernd.

### Austurbær.

**17. Fossvogslækur.**
Frá Hafnarfjarðarvegi að mörkum Lundar í austri verður Fossvogslækur og umhverfi undir bæjarvernd.

**18. Birkihlíð.**
Svæðið norðan og vestan gatnamóta Nýbýlavegar og Birkigrundar, Birkihlíð, breytt úr opnu svæði í opið svæði til sérstakra nota þ.e. gróðrarstöð.

**19. Engihjalli.**
Opið svæði norðan Engihjalla og austan Hjallaskóla breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. garðsvæði.

**20. Reynigrund og Birkugrund.**
Opnu svæði milli íbúðarhúsa við Reynigrund og Birkigrund breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. trjárækt, stígar og leiksvæði.

**21. Furugrund og Ástún.**
Opnu svæði milli íbúðarhúsa við Furugrund og Ástún breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. trjárækt, stígar og leiksvæði.

**22. Heiðavallasvæði.**
Opnu svæði til sérstakra nota og stofnanalóð er breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. trjárækt, stígar og leiksvæði.

**23. Hlíðarhjalli og Heiðarhjalli.**

Opnu svæði milli Hlíðarhjalla og Heiðarhjalla breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. trárækt, stígar og leiksvæði.

**24. Suðurhlíðar.**

Opnu svæði milli Hlíðarhjalla annars vegar og Fagrahjalla, Furuhjalla og Fífuhjalla hins vegar breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. trjárækt stígar og leiksvæði.

**25. Lækjarhjalli.**

Opnu svæði við enda Lækjarhjalla breytt úr opnu svæði í opið svæði til sérstakra nota og stofnanalóð þ.e. leiksvæði og gæsluvöllur.

**26. Hlíðarhjalli.**

Opnu svæði sunnan Hlíðarhjalla 2-8 er breytt í opið svæði til sérstakra nota þ.e. skólagarða, leiksvæði og smíðavöll.

**27. Nónhæð.**

Opnu svæði til sérstakra nota í Nónhæð er fært vestar til samræmis við samþykkt deiliskipulag.

## Fífuhvammsland.

28. Gert er ráð fyrir nýrri tengibraut frá Reykjanesbraut í austur norðan skeiðvallar að fyrirhuguðum Hlíðardalsvegi.

29. Íbúðarsvæði í Urðarholti og Lágholtri er skipt í tvö hverfi með opnu svæði á milli.

30. Gert er ráð fyrir staðsetningu kirkju og kirkjugarðs austanvert í Hádegishólum.

31. Legu fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar í Leirdal er breytt og tenging við fyrirhugaðan Arnarnesveg er færð vestar.

32. Fallið er frá hugmyndum um stofnanasvæði og verslanir meðfram fyrirhuguðum Fífuhvammsvegi.

33. Afmörkun fyrirhugaðra íbúðarsvæða í sunnanverðu Háholti og Selhrygg er breytt þannig að þau færast vestar.

34. Tengibraut sem yrði framhald Jaðarsels að fyrirhuguðum Fífuhvammsvegi í Leirdal færist að fyrirhuguðum Arnarnesvegi.

35. Afmörkun fyrirhugaðs skóla- og íþróttasvæðis í austur hluta Fífuhvammslands er breytt þannig að það verða norðan fyrirhugaðs Fifuhvammsvegar .

36. Austan fyrirhugaðra gatnamóta Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar í Leirdal verður svæði með blandaða landnotkun þ.e. verslun og iðnaður.

37. Umhverfi Dimmu verður svæði undir bæjarverndar.

38. Lóð dreifistöðvar Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Hnoðraholti er breytt úr opnu svæði í stofnanalóð.

# 1. INNGANGUR.

**Aðalskipulag** er áætlun sem að öllu jöfnu nær til eins sveitarfélags. Það er stefnuyfirlýsing sveitarstjórnar um landnotkun, gatnakerfi og þróun byggðar. Sveitarstjórn ber að leita samþykkis Skipulagsstjórnar ríkisins á aðalskipulagi og staðfestingar umhverfisráðherra á því. Staðfest aðalskipulag, bæði greinargerð og landnotkunarkort, er bindandi.

Það er stefna bæjaryfirvalda að endurskoða aðalskipulag Kópavogs á fjögurra ára fresti. Þannig að í upphafi hvers kjörtímabils liggi fyrir nýendurskoðuð skipulagsáætlun. Á þann hátt verður skipulagið raunhæfara stjórntæki.

**Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012** er ný skipulagsáætlun til 20 ára og er endurskoðun á Aðalskipulagi Kópavogs 1988 - 2008 sem var samþykkt í bæjarstjórn 27. febrúar 1990 og staðfest af félagsmálaráðherra 23. apríl sama ár.

Þrátt fyrir þessa nýju skipulagsáætlun er greinargerð **Aðalskipulags Kópavogs 1988-2008** enn um margt gagnleg sem stjórntæki og leiðarvísir nefnda og stjórnenda bæjarins. Þá er þar einnig að finna ýmsan fróðleik s.s. um gerð skipulagsáætlana (kafli 1, bls. 11), þróun byggðar í Kópavogi og menningarminjar (kafli 2, bls. 15), náttúrufar og náttúruvernd (kafli 3, bls.23), byggðaþróun og skipulag 1982-1989 (kafli 11, bls. 75) og ítarlegan viðauka um lögsögumörk Kópavogskaupstaðar (bls. 80).

**Hverfaskipulag** hefur verið unnið af eldri hluta bæjarins; Hverfaskipulag Vesturbæjar 1993 og Hverfaskipulag Austurbæjar 1994. Hverfaskipulag hefur það umfram aðalskipulag að í því er gerð nánari grein fyrir skipulagi einstakra bæjarhluta með áherslu á hvar breytinga er að vænta eða hvar þeirra er þörf. Hverfaskipulag er leiðbeinandi fyrir deiliskipulag og framkvæmdaáætlanir en hefur ekki lagagildi á sama hátt og aðalskipulag og deiliskipulag.

# 2. LANDNOTKUN OG NÝTING.

Landnotkun og landnýting ákvarðast að verulegu leyti af legu landsins og eiginleikum þess. Í hugtakinu **landnotkun** felst ákvörðun um til hvers nota eigi landið, hvort á því verði byggt íbúðar-húsnæði, atvinnuhúsnæði eða landið skuli vera til

útivistar svo dæmi séu tekin.

Í kafla 4 blaðsíðum 28 og 29 í greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 1988 - 2008 eru **landnotkunarflokkarnir** kynntir. Í þessari endurskoðun er notast við sömu flokka, liti og tákn. Auk þess eru sýnd mislæg gatnamót, vatnsverndarmörk, skógræktarsvæði og huliðsvættir.

Hugtakið **nýting** eða **nýtingarhlutfall** (nh) er skilgreint sem hlutfallið milli gólfflatar og flatarmáls lóðar. Þeir þættir sem hafa hvað mest áhrif á nýtingu eru landnotkun, staðsetning og landgæði. Ákvörðun um nýtingu á tilteknu svæði hefur jafnframt áhrif á umferð, bílastæði, útsýni og skuggamyndun.

Á **nýbyggingarsvæðum** liggja fyrir áætlanir um nýtingu og þéttleika einstakra svæða (sjá töflur 1). Aftur á móti eru upplýsingar um nýtingu einstakra reita í **eldri hverfum** bæjarins ekki fyrirliggjandi. Því er mikilvægt, með tilliti til þeirra áhrifaþátta sem nýtingin hefur á umhverfið, að tekið sé mið af nýtingu aðliggjandi lóða, hæða húsa og þarfar fyrir bílastæði, þegar fjallað er um byggingarleyfi í byggðum hverfum.

Í eldri hverfum bæjarins, á Kársnesi og á Digraneshálsi, er byggð nokkuð fastmótuð og því ekki búist við neinum stórvægilegum breytingum á heildarsvip byggðarinnar á skipulagstímabilinu.

Skipulagsnefnd og bæjarstjórn þurfa að **samþykkja breytingar** á nýtingu (byggingarmagni) í eldri hverfum bæjarins ef nýtingin fer yfir það sem hún er miðað við staðfestingu aðalskipulagsins. Ákveða skal nýtt hámark með breytingu á skipulagi eða nýju skipulagi í samræmi við ákvæði skipulagslaga, ef um verulega aukningu er að ræða að mati bæjaryfirvalda.

**Húsagerðir** hafa áhrif á nýtingu í íbúðarhverfum. Reynslan sýnir að eðlilegt sé að miða við eftirfarandi **hámarksnýtingu á nýjum íbúðarsvæðum** (nettó-nýting, þ.e. nýting einstakra reita án gatna og opinna svæða):

- * einbýlishús nh. 0.20-0.35
- * raðhús nh. 0.35-0.60
- * sambýlishús (2-5 íbúðir) nh. 0.50-0.80
- *fjölbýlishús (6-10 íbúðir) nh. 0.60-0.90

**ADALSKIPULAG KÓPAVOGS 1992-2012**
**ÍBÚÐARSVÆÐI**

| | Stærð | Áætlaður fj. íbúða | Áætlaður fj. íbúa | Íbúar/ha |
|---|---|---|---|---|
| **Fífuhvammsland vestur** | | | | |
| Svæði 1 | 15 ha | 300 | 1.000 | 67 |
| Svæði 2 | 12 ha | 200 | 600 | 50 |
| Svæði 3 | 17 ha | 460 | 1.400 | 82 |
| Fífuhvammsland vestur alls: | 44 ha | 960 | 3.000 | 68 |
| **Fífuhvammsland austur** | | | | |
| Svæði 4 | 20 ha | 350 | 1.050 | 52 |
| Svæði 5 | 23 ha | 650 | 1.950 | 85 |
| Fífuhvammsland austur alls: | 43 ha | 1.000 | 3.000 | 70 |
| **Vatnsendaland** | | | | |
| Svæði 6 | 24 | 800 | 2.500 | 104 |
| Svæði 7 | 33 | 500 | 1.500 | 45 |
| Svæði 8 | 45 | 300 | 1.000 | 22 |
| Vatnsendaland alls: | 102 | 1.600 | 5.000 | 49 |
| **Íbúðarsv. alls:** | **189 ha** | **3.560** | **11.000** | **58** |

Bæjarskipulag Kópavogs 29. október 1993 BHS.

**ADALSKIPULAG KÓPAVOGS 1992-2012**
**ATHAFNASVÆÐI**

| | Stærð (1) | Notkun (2) | Nýtingarhlutfall | Byggingarmagn |
|---|---|---|---|---|
| **Kópavogsdalur** | | | | |
| Svæði 1 | | blönduð | 0.5 | 54.000 m2 |
| Svæði 2 | 10 ha | verslun/þjónusta | 0.25 | 25.000 m2 |
| Svæði 3 | 5 ha | blönduð | 0.5 | 25.000 m3 |
| Svæði 4 | 10 ha | iðnaðarsvæði | 0.4 | 40.000 m2 |
| Kópavogsdalur alls: | 36 ha | | | 144.000 m2 |
| **Fífuhvammsland vestur** | | | | |
| Svæði 5 | 6 ha | iðnaðarsvæði | 0.3 | 18.000 m2 |
| Svæði 6 | 7 ha | verslun/þjónusta | 0.25 | 17.000 m2 |
| Svæði 7 | 4 ha | miðhverfi | 1.0 | 40.000 m2 |
| Svæði 8 | 4 ha | blöndun | 0.5 | 20.000 m2 |
| Svæði 9 | 4 ha | grunn-/leikskóli | 0.2 | 7.000 m2 |
| Fífuhvammsland vestur alls: | 25 ha | | | 102.000 m2 |
| **Fífuhvammsland austur** | | | | |
| Svæði 10 | 3 ha | grunnskóli | 0.2 | 4.000 m2 |
| Svæði 11 | 2 ha | verslun/þjónusta | 0.25 | 5.000 m2 |
| Svæði 12 | 10 ha | iðnaður | 0.4 | 40.000 m2 |
| Fífuhvammsland austur alls: | 15 ha | | | 49.000 m2 |
| **Vatnsendaland** | | | | |
| Svæði 13 | 12 ha | blönduð | 0.5 | 60.000 m2 |
| Svæði 14 | 14 ha | blönduð | 0.5 | 70.000 m2 |
| Svæði 15 | 8 ha | blönduð | 0.5 | 40.000 m2 |
| Vatnsendaland alls: | 38 ha | | | 170.000 m2 |
| Atvinnuhúsnæði alls á nýbyggingarsvæðum í Kópavogi | 114 ha | | | 465.000 m2 |

(1) Mælt á landnotkunarkorti í mkv. 1:10.000
(2) Samkvæmt landnotkunarkorti

Bæjarskipulag Kópavogs 29. október 1993 BHS.

*háhýsi nh.0.80-2.00

**Þéttleiki byggðar** á nýbyggingarsvæðum er töluvert mismunandi og ræðst m.a. af náttúrulegum aðstæðum, húsagerð og staðsetningu.
(sjá töflu 2).

Varðandi **hámarksnýtingu á athafnasvæðum** í bænum er rétt að hafa eftirfarandi töflu til viðmiðunar:

| | |
|---|---|
| *vörugeymslur og hafnarsvæði | nh. 0.2-0.4 |
| Dæmi: Kársneshöfn | |
| *iðnaðarhverfi | nh. 0.3-0.5 |
| Dæmi: Vesturvör, Dalvegur | |
| *blönduð athafnahverfi í útjaðri byggðar | nh. 0.4-0.7 |
| Dæmi: Smiðjuhverfi | |
| *blönduð athafnahverfi miðsvæðis | nh. 0.7-1.0 |
| Dæmi: Nýbýlavegur, Smárahvammur | |
| *athafnahverfi í jaðri miðhverfis | nh. 0.8-1.2 |
| Dæmi: Auðbrekka | |
| *miðhverfi | nh.>1.0 |
| Dæmi: Miðbærinn | |

## 3. HELSTU ÁÆTLANIR SKIPULAGSINS.

***Markmiðið með gerð Aðalskipulagsins er að framfylgja skyldu bæjaryfirvalda til stjórnunar og skipulags á landi í lögsögu kaupstaðarins svo og að tryggja rétt íbúanna gagnvart ákvörðunum bæjaryfirvalda um breytingar. Í því felst m.a. ákvörðun um landnotkun, landnýtingu, legu aðal samgönguleiða og samræming á áætlunum um uppbyggingu bæjarins.***

***Aðalskipulagið miðar við að land vestan Vatnsendalands fullnægi byggingarþörf á skipulagstímabilinu. Stefnt er að því, að nægjanlegur fjöldi íbúða- og athafnalóða verði til ráðstöfunar á skipulagstímabilinu.***

***Ný byggð skal falla vel að umhverfinu og þess gætt að náttúruverðmætum sé ekki spillt.***

**Fjöldi íbúa.**
Íbúar í Kópavogi voru 16.840 1. desember 1992,

8.333 karlar og 8.507 konur. Frá 1988, en það ár var grunnár Aðalskipulags Kópavogs 1988 - 2008 hefur íbúum bæjarins fjölgað um 1.259 eða 315 íbúa að meðaltali á ári. Síðustu 20 árin þ.e. frá 1972, hefur íbúunum fjölgað um 5.362 eða um 268 að meðaltali á ári.

**Íbúafjöldi í Kópavogi 1988-1992.**

| Ár | Fjöldi | Fjölgun frá fyrra ári |
|---|---|---|
| 1988 | 15.851 | 525 |
| 1989 | 15.900 | 319 |
| 1990 | 16.186 | 286 |
| 1991 | 16.677 | 491 |
| 1992 | 16.840 | 163 |

Hlutfallsleg aldursskipting íbúa Kópavogs tók eftirfarandi breytingum 1988-1992:

| Aldur | 1988 | 1992 |
|---|---|---|
| 0-14 | 25.4 % | 25.0 % |
| 15-24 | 17.2 - | 15.4 - |
| 25-34 | 18.2 - | 17.6 - |
| 35-49 | 17.5 - | 20.0 - |
| 50-64 | 14.2 - | 13.2 - |
| 65 + | 7.5 - | 8.8 - |
| Samtals: | 100.0 % | 100.0 % |

Samkvæmt **framreikningi** Bæjarskipulags er í þessari endurskoðun aðalskipulagsins gert ráð fyrir að íbúar Kópavogs verði á bilinu 21-22.000 árið 1998. Íbúum bæjarins fjölgi því að meðaltali milli 700-800 manns milli ára frá 1992-1998. Ennfremur er áætlað að íbúafjöldinn árið 2002 verði um 24.000 þ.e. að tíu árum liðnum. Í lok skipulagstímabilsins er áætlað að íbúar Kópavogs verði um 27.000. Þeim hafi því fjölgað um rúmlega 10.000 á tímabilinu eða að meðaltali um 500 manns. Í Kópavogi fullbyggðum er lauslega áætlað að 32 til 35 þúsund manns geti búið. (sjá töflu 3). Til samanburðar var í Aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008 gert ráð fyrir að meðaltalsfjölgun íbúa á fyrrihluta skipulagstímabilsins þ.e. frá 1988 til 1998 væri um 425 íbúar.

Íbúar **höfuðborgarsvæðisins** voru 1. desember 1992 um 152 þúsund og voru því íbúar Kópavogs um 11% af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt framreikningi Byggðastofnunar frá 1993, er áætlað að íbúar svæðisins verði árið 2002 um 180 þúsund. Miðað við mannfjöldaspá Bæjarskipulags mun hlutfall íbúa Kópavogs af íbúum höfuðborgarsvæðisins aukast í um 13%

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS 1992-2012 | | | | | |
| ÁÆTLUÐ FJÖLGUN ÍBÚA Í KÓPAVOGI | | | | | |
| 1992/1993 | | 1997 | 1998 | 2002 | 2012 |
| | Digraneshlíðar | 500 | | | |
| | Kópavogsdalur | 2.000 | | | |
| | Nónhæð | 1.500 | | | |
| | | 4.000 | | | |
| | Fífuhvammsland | | | | |
| | Svæði 1 | | 1.000 | | |
| | Fífuhvammsland | | | | |
| | Svæði 2 og 3 | | | 2.000 | |
| | Fífuhvammsland | | | | |
| | Svæði 4 og 5 | | | | 3.000 |
| 16.840 | | 21.000 | 22.000 | 24.000 | 27.000 |
| Bæjarskipulag Kópavogs 29. október 1993 BHS. | | | | | |

upp úr aldamótum.

**Íbúðarhúsnæði:**
Í árslok 1992 voru um 6.000 fullgerðar íbúðir í Kópavogi, en það samsvarar því að um 2.8 íbúar séu í hverri íbúð. Frá síðustu endurskoðun aðalskipulagsins hefur fullgerðum íbúðum því fjölgað um 400 eða að meðaltali um 100 íbúðir á ári, sem er svipað og á árunum 1980 til 1988. Á árinu 1992 var hafin bygging á 233 íbúðum.

Byggð á Kársnesi og Digraneshálsi er að mestu fullmótuð. Frá árinu 1988 til 1991 voru byggðar 573 íbúðir á þessum svæðum þar af 159 íbúðir sérstaklega ætlaðar öldruðum. Byggingarframkvæmdir voru hvað mestar í Suðurhlíðum (B C og D reitir), við Sæbólsbraut og Huldubraut.

Á árunum 1992-3 voru aðal byggingarsvæðin í Digraneshlíðum, í Kópavogsdal og í Nónhæð. Áætlað er að innan fjögurra ára verði þessi svæði fullbyggð og með milli 3.500-4.000 íbúa samanlagt.

Áætlanir um nýbyggingar og þörf á landrými fyrir íbúðarhúsnæði á skipulagstímabilinu taka annars vegar mið af íbúaspá og hins vegar af þeim hugmyndum sem uppi eru um lóðarframboð og uppbyggingarhraða á nýbyggingarsvæðum. Margir óvissuþættir tengjast áætlunum um húsnæðisþörf. Nefna má tekju- og lánamöguleika fólks, verðlag á húsnæðismarkaðinum og atvinnuástand í landinu.

Í Fífuhvammslandi eru framtíðarbyggingarsvæði bæjarins. Áætlað er að vestari hluti landsins, frá Reykjanesbraut að Hádegishólum byggist á fyrrihluta skipulagstímabilsins þ.e. fyrir árið 2002. Á því svæði er gert ráð fyrir um 3.000 manna byggð. Hluti þess svæðis, sunnan Fífuhvammsvegar, hefur þegar verið deiliskipulagður sem íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og iðnarðasvæði. Áætlað er að byggingarframkvæmdir geti hafist þar síðla árs 1994.

Í aðalskipulaginu er miðað við að eystri hluti Fífuhvammslands taki ekki að byggjast fyrr en á síðari hluta skipulagstímabilsins. Áætlað er að á því svæði verði um 3.000 manna byggð.

Fyrirhugað er að byggð í Fífuhvammslandi myndi tvö grunnskólahverfi. Þar verði einnig framhaldsskóli.

Vatnsendaland er í einkaeign. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 5.000 manna byggð á svæðinu að mestu í sérbýli. Á árinu 1992 var skipulagt svæði fyrir um 30 einbýlishús nyrst í Vatnsendalandi. En stærsti hluti Vatnsendalands mun samkvæmt aðalskipulaginu ekki byggjast fyrr en eftir árið 2012.

Í hverfaskipulagi er tekið nánar á ýmsum þáttum sem taka verður tillit til við breytingar og endurskoðun á deiliskipulagi eldri bæjarhluta Kópavogs og sýnt hvernig stefnt er að því að fullgera hvert hverfi.

**Atvinnuhúsnæði:**
Bæjaryfirvöld hafa um langt skeið haft það að markmiði að atvinnumöguleikar í bænum verði í samræmi við mannafla. Vegna mikils samdráttar í byggingu atvinnuhúsnæðis á umliðnum árum ekki aðeins í Kópavogi heldur á höfuðborgarsvæðinu öllu er talið óraunhæft að það markmið náist í bráð. Þó er landrými fyrir atvinnuhúsnæði með ágætum og lega athafnasvæða, nálægt miðju höfuðborgarsvæðisins og samgönguæðum, skapar bæjarfélaginu nokkra sérstöðu.

Íbúar á starfsaldri í Kópavogi þ.e. 20 til 69 ára, voru um 10.500 á árinu 1992 eða um 62% íbúa bæjarins. Flestir störfuðu í þjónustu- og viðskiptagreinum eða um 59%. Í úrvinnslugreinum störfuðu um 38% og í frumvinnslu um 3%. Áætlað er að milli 70 og 75 % íbúa á starfsaldri hafi atvinnumöguleika innan bæjarmarkanna.

Árið 1992 voru um 335.000 m2 í atvinnuhúsnæði í Kópavogi, aukning um rúmlega 30.000 m2 eða um 6.000 m2 að meðaltali á ári frá síðustu endurskoðun aðalskipulagsins. Í lok skipulagstímabilsins er áætlað að um 550.000 m2 atvinnuhúsnæðis verði í bænum sem samsvarar því að um 10.000 m2 verði byggðir að meðaltali á ári út skipulagstímabilið. Gangi þessar áætlanir eftir má gera ráð fyrir að allir bæjarbúar á starfsaldri hafi atvinnumöguleika inna bæjarmarkanna.

Helstu athafnasvæðin eru fyrirhuguð við Reykjanesbraut. Í Kópavogsdal þ.e. vestan brautarinnar verða samanlagt um 36 ha teknir undir atvinnuhúsnæði og austan brautar 24.5 ha. Áætlað er að á báðum þessum svæðum verði byggðir um 250.000 m2 atvinnuhúsnæðis sem er um 100.000 m2 minna en áætlað var í

Aðalskipulagi Kópavogs 1988 - 2008. Megin ástæðurnar fyrir umræddri minnkun eru sú umframfrjáfesting sem átt hefur sér stað í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum og sú staðreynd að eftirspurn eftir lóðum með hárri nýtingu er hverfandi.

**Hafnarsvæðið** er um 16 ha að stærð. Í deiliskipulagi svæðisins er auk smábátahafnar fyrirhuguð aðstaða fyrir smærri fiskiskip. Hafin er gerð nýs brimbrjóts sem verður um 150 m langur. Byggingarframkvæmdir eru þegar hafnar samkvæmt deiliskiplagi svæðisins. Áætlað er að byggja megi 15.000 - 20.000 m2 atvinnuhúsnæðis til viðbótar á svæðinu.

**Miðbænum** er ætlað að vera miðstöð stjórnunar og menningarstarfsemi bæjarins með fjölbreyttri byggð þar sem blandað er saman opinberum stofnunum, almennun atvinnurekstri, félags- og menningarstarfsemi og íbúðarbyggð.

Dregið hefur verið úr byggingaráformum á miðbæjarsvæðinu miðað við eldri skipulagshugmyndir. Byggingarframkvæmdum á svæðinu austan gjár lauk síðla árs 1993, en vestan hennar er **Listasafn Kópavogs** sem tekið var í notkun 1994. Austan Listasafnsins eru hugmyndir um að byggja **Menningarmiðstöð Kópavogs**, alls um 3.000 m2 að gólffleti. Þar er fyrirhugað að aðalsafn Bókasafns Kópavogs, tónlistaskóli, myndlistaskóli og náttúrufræðistofa auk aðalskiptistöðvar almenningsvagna verði til húsa.

Halda skal opnum möguleika á því að byggt verði yfir gjána.

Austan Reykjanesbrautar er tekið frá land fyrir miðhverfi.

**Yfirlit yfir helstu áætlanir aðalsipulagsins:**

| | 1988 | 1992 | 2012 |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi | 15.581 | 16.840 | 27.000 |
| Íbúðir | 5.600 | 6.000 | 9.600 |
| Íbúar/íbúð | 2.8 | 2.8 | 2.8 |
| Atvinnuh.(m2) | 300.000 | 335.000 | 550.000 |
| Atvinnuh.(m2/íbúa) | 19 | 20 | 20 |

## 4. SAMGÖNGUR OG UMFERÐ.

**Við hönnun gatna skal umferðaröryggis sérstaklega gætt. M.a. skal hanna húsagötur þannig að umferð verði hæg.*

**Markvist verði unnið að fækkun umferðaróhappa í bænum með endurbótum í gatnakerfinu. Leggja skal áherslu á öryggi gangandi vegfarenda. Gönguleiðir til og frá skóla verði greiðfærar, vel upplýstar og sem öruggastar með tilliti til umferðar.*

**Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal bílastæðaþörf að jafnaði leyst innan lóða.*

**Gera skal grein fyrir almenningssamgöngum í skipulagi nýrrar byggðar. Miðstöð almenningsvagna verði í miðbænum og í fyrirhuguðu miðhverfi austan Reykjanesbrautar. Lögð verði áhersla á góðar almenningsvagnasamgöngur milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.*

**Afmörkuð verði svæði fyrir stóra bíla og vinnuvélar.*

Aðalgatnakerfi Kópavogs er samofið umferðaræðum grannbyggðanna. Tvær megin stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins í norður suður liggja um Kópavog, Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbraut.

Arnarnesvegur sem tengir Hafnarfjarðarveg og Reykjanesbraut milli Kópavogs og Garðabæjar, mun í framtíðinni liggja um Fífuhvammsland sunnanvert og tengjast Breiðholtsbraut í norðanverðu Vatnsendahvarfi.

Vonir standa til um að Reykjanesbraut, milli Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar verði tvöfölduð á árum 1994-5 ásamt gerð mislægra gatnamóta við Fífuhvammsveg.

Áætlað er að Arnarnesvegur milli Reykjanesbrautar og Hlíðardalsvegar verði lagður á fyrri hluta skipulagstímabilsins og miðhluti hans frá Fífuhvammsvegi að tengibraut sunnan Vatnsendahvarfs á síðari hluta þess. Ekki er talin þörf á að leggja kaflann milli Hlíðardalsvegar og Fífuhvammsvegar fyrr en eftir lok skipulagstímabilsins. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 er gert ráð fyrir því, að sá hluti Arnarnesvegar, sem er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, verði lagður eftir árið 2010.

Fífuhvammsvegur mun fullgerður ná frá Hafnarfjarðarvegi í vestri og liggja um Kópavogsdal undir Reykjanesbraut um Fífuhvammsland að Arnarnesvegi í Leirdal í austri. Áætlað er að Fífuhvammsvegur verði fjórar akreinar í Kópavogsdal og vestasti hluta hans í Fífuhvammslandi.

Aðrar nýjar tengibrautir á skipulagstímabilinu verða Hlíðardalsvegur, framhald Stekkjabakka að Fífuhvammsvegi og þaðan að Arnarnesvegi. Í austur hluta Fífuhvammslands er gert ráð fyrir tengibraut í framhaldi af Jaðarseli meðfram Arnarnesvegi að Fífuhvammsvegi í Leirdal.

Hinn 18. apríl 1990 afgreiddi skipulagsstjórn ríkisins Aðalskipulag Kópavogs 1988 - 2008 til staðfestingar með þeim fyrirvara "...að í Fossvogsdal verði frestað skipulagi á svæðum þar sem haldið er opnum möguleika á jarðgangamunnum í samræmi við athugun Vegagerðar ríkisins á vegtengingum í Fossvogsdal. Um er að ræða tvö svæði, annars vegar í nágrenni við Lund og hins vegar við Kjarrhólma." Í samræmi við þessa bókun skipulagsstjórnar eru ofangreind svæði auðkend á landnotkunarkorti Aðalskipulags Kópavogs 1992 - 2012.

**Bifreiðaeign.** Í árslok 1992 voru skráðar 9.008 bifreiðar í bænum eða 535 bifreiðar á 1000 íbúa. Fjöldi fólksbifreiða var um 8.200. Því voru 2 íbúar í Kópavogi um hverja fólksbifreið. Til samanburðar var bifreiðaeign bæjarbúa 1988 9.182 bifreiðar eða 589 á hverja 1000 íbúa.

Ekki er að vænta mikilar aukningar umferðar vegna aukinar bifreiðaeignar. Hinsvegar er að vænta töluverðar fólksfjölgunar á höfuðborgarsvæðinu og þar af leiðandi mun umferð aukast af þeim völdum, einkum umferð á stofn- og tengibrautum. En í eldri hverfum bæjarins er ákveðnu jafnvægi náð hvað varðar umferðarmagn.

Til að auka **umferðaröryggi** er stefnt að sem mestri flokkun gatnakerfisins; minnka gegnumakstur um íbúðarhverfi m.a. með því að umferð á stofn- og tengibrautum verði sem greiðust. Í íbúðargötum verði umferðarhraði takmarkaður m.a. með hraðahindrunum, bílastæði og akbrautir aðgreindar þar sem þurfa þykir og aðstöða fyrir gangandi og hjólandi fólk bætt.

Kópavogur byggist mjög hratt á árunum milli

1950 og 1970. Götur sem gerðar voru á þessum árum og fyrr voru allar mjög ófullkomnar. Því hefur **engurgerð gatna** í eldri hverfum bæjarins verið stór þáttur í framkvæmdaáætlunum bæjarins á síðustu árum. Síðan 1988 hafa um 12 km gatna verið endurgerðar. Áætlað er að endurgerð gamalla gatna í bænum verði að fullu lokið á árinu 1997.

Það er markmið bæjaryfirvalda að veita sem besta þjónustu með **almenningsvögnum**. Almenningsvagnar bs., sem eru í eigu Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Bessastaðahrepps, hófu starfsemi sína síðari hluta sumars 1992. Fram að þeim tíma höfðu Strætisvagnar Kópavogs, allt frá árinu 1957, séð um almenningssamgöngur í Kópavogi.

Uppi eru hugmyndir um að miðstöðvar almenningsvagna í Kópavogi verði á vestur bakka miðbæjarins og í fyrirhuguðu miðhverfi austan Reykjanesbrautar.

## 5. ÞJÓNUSTA.

***Stefnt skal að því að allir þegnar bæjarins hafi jafnan aðgang að þjónustu í bænum.***

***Grunnskólar skulu vera miðsvæðis í íbúðarhverfum og gönguleiðir til og frá skóla skulu vera greiðfærar og öruggar. Stefnt skal að tveggja hliðstæðu grunnskólum þ.e. 2 bekkjardeildum í hverjum árgangi fyrir um 500-550 nemendur.***

***Stefnt skal því að tryggð sé sem best þjónusta fyrir unga sem aldna t.d. með því að taka frá vel staðsettar lóðir fyrir þjónustustofnanir.***

***Við skipulag veitna og annarrar opinberrar þjónustu skal m.a. tekið tillit til umhverfissjónarmiða.***

**Leikskólar.** Á árinu 1992 voru 8 leikskólar starfræktir á vegum bæjarfélagsins. Þar er boðið upp á sveiganlegan vistunartíma allt frá 4 til 9 klukkustunda dvöl undir handleiðslu uppeldismenntaðs starfsfólks. Alls voru 1.782 börn í Kópavogi á aldrinum 1-6 ára 1992. Þar af voru 825 börn eða 46.3% í vistun. Auk þess greiddi bærinn til einkarekinna leikskóla fyrir um 30 börn sem búsett eru í bænum. Þá voru starfandi á

árinu 1992 um 70 dagmæður í bænum með um 240 börn. Alls voru því um 1.100 börn í daggæslu á vegum bæjarins og einkaaðila eða um 62% barna á leikskólaaldri.

Ennfremur eru tvö skóladagheimili í bænum þar sem um 50 börn á aldrinum 6-8 ára eru vistuð. Sú stefna hefur verið mörkuð að í framtíðinni beri að leggja áherslu á einsetinn skóla og samfeldan skóladag í stað fjölgunar skóladagheimila.

Á vordögum 1994 var tekinn í notkun leikskóli við Lækjarsmára í Kópavogsdal. Mun hann vista um 130 börn. Í Nónhæð er frátekin lóð við Arnarsmára undir nýjan leikskóla.

Stefnt er að tveimur leikskólum í hverju skólahverfi.

**Grunnskólar.** Hlutfall skólaskyldra barna af íbúafjölda bæjarins var í árslok 1992 15.5% eða 2.614 nemendur. Til samanburðar var hlutfallið 1988 16.6%. Bæjaryfirvöld hafa markað þá stefnu að í grunnskólum bæjarins skulu að jafnaði vera 2 bekkir í árgangi, þ.e. heildstæðir grunnskólar með um 550 nemendur. Ef miðað er við að fjöldi nenenda á grunnskólaaldri sé 15-17% íbúanna þá þarf 3.200-3.600 íbúa byggð til að mynda eitt skólahverfi.

Í Kópavogsdal er nýr heildstæður grunnskóli í byggingu, Smáraskóli. Kemur hann til með að þjóna byggð í Kópavogsdal og í Nónhæð. Í Fífuhvammslandi er gert ráð fyrir tveimur grunnskólahverfum.

Við skipulag nýrrar íbúðarbyggðar skal að því stefnt að skólalóðir séu ekki undir 2 ha að flatarmáli og að göngufjarlægð milli heimila og skóla sé að jafnaði innan við 600 metrar.

**Framhaldsskólar.** Á skólaárinu 1992-1993 voru 1.085 Kópavogsbúar eða 6.2% á framhaldsskólaaldri. Alls voru um 400 nemendur við nám í Menntaskólanum í Kópavogi. Við skólann er verið að byggja um 6.000 m2 viðbyggingu sem hýsa á Matvælaiðjuskóla, hótel- og veitingagreinar. Fullbyggður er áætlað að við skólann geti um 750 nemendur stundað nám.

Í Fífuhvammslandi er gert ráð fyrir nýjum framhaldsskóla.

**Tónlistarskóli.** Í Tónlistarskóla Kópavogs voru árið 1992 um 470 nemendur. Skólinn er til húsa að Hamraborg 11.

**Myndlistarskóli.** Myndlistarskóli Kópavogs er einkaskóli. Á árinu 1992 voru um 330 nemendur við skólann.

**Kvöldskóli.** Í Kvöldskóa Kópavogs voru um 780 nemendur árið 1992 í 105 hópum á 32 mismunandi námsskeiðum. Aðalaðsetur skólans er í Snælandsskóla.

**Félagsmiðstöðvar.** Félagsmál unglinga hafa á undanförnum árum verið í nánu samstarfi við grunnskólana í Kópavogi. Í vesturbæ Kópavogs er félagsmiðstöðin Ekkó í Þinghólsskóla. Í Íþróttahúsinu Digranesi er félagsmiðstöð á vegum Handknattleiksfélags Kópavogs. Jafnhliða fara tómstunda- og félagsstörf fram í grunnskólum bæjarins.

**Málefni fatlaðra.** Stefna bæjaryfirvalda í málefnum fatlaðra er að gera þeim kleift að lifa og starfa óhindrað í samfélaginu. Vinnustaðinn Örva, sambýli faltaðra og skammtímavistun má nefna í þessu sambandi. Á leikskólum vinnur sérmenntað fólk með fötluðum og í skólakerfinu er fylgst með föltuðum nemendum og reynt að bæta aðstöðu þeirra til náms. Kópavogsbær styrkir ferðaþjónustu fyrir fatlaða.

**Málefni aldraðra.** Á s.l. 10 árum hefur íbúum 67 ára og eldri í Kópavogi fjölgað um 108% eða úr 612 árið 1982 í 1.277 árið 1992. Hlutfall ellilífeyrisþega er nú orðið 7.3% af íbúum bæjarins en var 6.4% 1988. Samkvæmt íbúaspá er áætlað að hlutfallið verði 9-10% í lok skipulagstíma-bilsins.

Markmið öldrunarþjónustu í bænum er að gera öldruðum kleift að búa í heimahúsum sem lengst. Þannig er hjálp til sjálfsbjargar lögð til grundvallar þjónustunni. Áhersla er því lögð á heimaþjónustu og félagsstarf auk annarrar stoðþjónustu. Sambýli aldraða á vegum bæjarins tók til starfa 1987 ennfremur eru um 70 eignar- og leiguíbúðir fyrir aldraða í Vogatungu. Á miðbæjarsvæðinu er félagsmiðstöð aldraða, Gjábakki, opnuð 1993.

Reist hefur verið 81 íbúð fyrir aldraða á vegum Sunnuhlíðar við Kópavogbraut og 26 á miðbæjarsvæði.

Í Kópavogsdal, við Gullsmára, er fyrirhugað að reisa um 120 íbúðir fyrir aldraða ásamt þjónustumiðstöð.

**Heilbrigðismál.** Þörf fyrir heilbrigðisþjónustu fer vaxandi í bænum með auknum íbúafjölda. Lögbundnu heilbrigðiseftirliti er sinnt af heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnd. Öll almenn heilsugæsluþjónusta er veitt á heilsugæslustöð í Fannborg. Sérfræðiþjónusta er einnig veitt á stöðinni, en læknastofur sjálfstætt starfandi sérfræðingar, tannlæknar og sjúkraþjálfun hafa einnig aðsetur í miðbænum. Stefnt er að byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Kópavogsdal í tengslum við fyrirhugaða verslunar- og þjónustumiðstöð. Talið er æskilegt að hver heilsugæslustöð þjóni um 8-10.000 íbúum.

Hluti bæjarbúa sækir enn almenna heimilislæknaþjónustu til nágrannabæjarfélaganna þar sem núverandi stöð annar ekki þörf íbúa bæjarins. Sjúkarahúsaþjónustu sækja bæjarbúar til Reykjavíkur.

Ríkisspítalarnir eiga um 20 ha lands í Kópavogi. Þar er nú miðstöð heilsugæslu og læknisþjónustu ríkisins fyrir fjölfatlaða.

Heimilishjálp og heimahjúkrun, sem veitt er bæjarbúum þegar um veikindi í heimahúsum eða sambýlum er að ræða, er mikilvæg og vaxandi starfsemi. Heimilishjálpin er veitt af bæjarfélaginu og heimahjúkrunin af hjúkrunarfræðingum heilsugæslustöðvarinnar, en þessi þjónusta er unnin í nánu samstarfi þessara aðila.

**Trúmál.** Kópavogur tilheyrir Reykjavíkurprófastsdæmi ásamt Seltjarnarnes-kaupstað. Þrjár sóknir eru í bænum, Kársnessókn, Digranessókn og Hjallasókn.

Í Fífuhvammslandi er tekið frá land undir kirkju og kirkjugarð rétt austan Hádegishóla. Fyrirhugað er að hefja deiliskipulag kirkjugarðssvæðisins 1995. Áætluð stærð garðsins er 10-15 ha og grafafjöldi um 12.000.

Í Kópavogi eru einnig starfandi Vegurinn, kristið samfélag og Krossinn, Kristilegt starf. Efst á Nónhæð á Andlegt Þjóðráð Baháía á Íslandi land.

**Safnamál.** Bókasafn Kópavogs er til húsa í miðbænum. Gert er ráð fyrir að það flytji í Menningarmiðstöð Kópavogs sem fyrirhugað er að

rísi á vestur bakka miðbæjarins. Ennfremur er gert ráð fyrir að útibú frá safninu verði í fyrirhugaðri verslunar- og þjónustumiðstöð í Kópavogsdal.

Listasafn Kópavogs, - safn Gerðar Helgadóttur, var tekið í notkun vorið 1994. Bærinn á mikið af listaverkum og við listaverkagjöf erfingja Gerðar Helgadóttur og erfingja hjónanna Barböru og Magnúsar Árnasonar jókst sú eign mikið. Stefnt er að því að Listasafnið verði fjölnota listasafn. Við listasafnið er gert ráð fyir höggmyndagarði.

Náttúrufræðistofa Kópavogs rekur náttúruminjasafn. Í safninu má m.a. fræðast um mörg íslensk sjávardýr, fugla, spendýr, fiska og steina. Rannsóknir safnsins eru einkum á sviði vatnavistfræði.

**Fráveita.** Síðla árs 1993 var undirritaður samningu milli Kópavogs, Reykjavíkur og Garðabæjar um samvinnu í fráveitumálum. Í samningnum er gert ráð fyrir að allt skólp frá þessum bæjarfélögum verði leitt í sameiginlega hreinsistöð við Ánanaust í Reykjavík og þaðan dælt u.þ.b. 3.5 km á haf út. Hreinsun strandlengjunnar við Kópavog og Fossvog er eitt stærsta umhverfisátak sem bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa tekist á við.

**Vatnsveita.** Vatnsveita Kópavogs kaupir vatn af Vatnsveitu Reykjavíkur og liggur ein stofnæð til Kópavogs um Blesugróf. Á árinu 1994 verður lögð ný stofnlögn úr Blesugróf meðfram Reykjanesbraut sem kemur til með að fullnægja kaldavatnsþörf byggðarinnar í Kópavogsdal og í Nónhæð auk byggðar í vestari hluta Fífuhvammslandi.

Þegar austur hluti Fífuhvammslands tekur að byggjast er gert ráð fyrir nýrri stofnlögn úr Vatnsendalandi eða efri hluta Seljahverfis.

**Hitaveita.** Hitaveita Reykjavíkur sér um dreifingu á heitu vatni um Kópavog og á allt lagnakerfi veitunnar. Kópavogsbær átti til skamms tíma hluta í Hitaveitu Reykjvíkur. Hann hefur nú verið seldur Reykjavíkurborg.

Hitaveitan hannar og leggur lagnir í ný hverfi í samráði við Tæknideild Kópavogs þegar land er gert byggingarhæft.

**Rafveita.** Rafmagnsveita Reykjavíkur dreifir rafmagni til notenda í Kópavogi. Rafmagnsveitan á og rekur notendakerfið. Kópavogskaupstaður á

götulýsingarkerfið en Rafmagnsveita Reykjavíkur sér um rekstur og viðhald þess.

**Sorphirða og förgun.** Kópavogsbær er aðili að Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpa) og tekur hún við öllu sorpi er til fellur frá íbúum Kópavogs. Sorpa starfrækir gámastöð í Kópavogi sem er staðsett við Dalveg. Tekið er frá land undir gámastöð í Fífuhvammslandi. Hirðing húsasorps frá íbúum er boðin út og er í höndum verktaka.

**Almannavarnir.** Hlutverk almannavarna er að veita íbúum byggðarlagsins mestu hugsanlega vernd og öryggi á hverjum tíma gegn náttúruhamförum og annarri vá. Almannavarnarnefnd Kópavogs fer með stjórn almannavarna í bænum en framkvæmdavaldið er í höndum sýslumanns.

**Löggæsla.** Sýslumaðurinn í Kópavogi er yfirmaður almennrar löggæslu í Kópavogi. Árið 1993 voru starfandi 24 lögregluþjónar í bænum. Í Fífuhvammslandi er í deiliskipulagi tekin frá lóð undir lögreglustöð.

**Brunavarnir.** Slökkvilið Reykjavíkur sér um brunavarnir í Kópavogi samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Slökkvistöðvar eru tvær, við Skógarhlíð og Ártúnshöfða. Í Fífuhvammslandi er í deiliskipulagi tekin frá lóð undir slökkvistöð.

## 6. UMHVERFI, ÚTIVIST OG ÍÞRÓTTIR.

***Kópavogsbær vill tryggja bæjarbúum heilnæm lífsskilyrði, mengunarlaust umhverfi og fjölþætt tækifæri til útivistar í sínu nánasta umhverfi, náttúrulegu eða manngerðu.***

***Í nýjum hverfum verði lögð áhersla á skjótan frágang.***

***Fjölþætt aðstaða til almennings- og keppnisíþrótta standi almenningi til boða.***

***Greiðfærar og vel upplýstar gönguleiðir tengi opin svæði og byggð til að auðvelda umferð og útivist.***

***Lögð verði áhersla á verndun sérstæðrar náttúru og sögulegra minja.***

***Áhersla verði lögð á trjárækt, skógrækt og uppgræðsla í bæjarlandinu.***

**Fossvogsdalur.** Fossvogdalur er hlekkur í keðju opinna svæða sem teygja sig frá Reykjavíkurtjörn um Öskjuhlíð og Elliðaárdal upp í Heiðmörk. Meiripartur óbyggðs hluta dalsins er í lögsögu Kópavogs, 59 hektarar. Um miðbik dalsins er félagssvæði Handknattleiksfélags Kópavogs og Snælandsskóli. Á árinu 1991 ákváðu fulltrúar Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar að vinna saman að deiliskipulagi útivistarsvæðisins í dalnum.

**Kópavogsdalur.** Kópavogsdalur er aðal útivistarsvæði byggðarinnar í sunnanverðum Digraneshálsi, Kópavogdal og í Nónhæð, 60 hektarar. Vestast er félagssvæði Breiðabliks ásamt Kópavogsvelli. Ennfremur er í dalnum bækistöð Vinnuskóla Kópavogs, skólagarðar og smíðavellir.

**Fífuhvammsland.** Í fyrirhugaðri byggð í Fífuhvammslandi er gert ráð fyrir útivistarsvæðum í Leirdal, Rjúpnahæð og Hádegishólum. Í Leirdal er fyrirhugað íþrótta- og skólasvæði. Í Rjúpnahæð hefur síðan 1990 verið unnið að skógrækt á vegum Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Við Hádegishóla er fyririhuguð kirkja ásamt kirkjugarði fyrir bæjarbúa.

**Elliðavatn.** Gert er ráð fyrir að með strönd vatnsins verði opið svæði með reið- og göngustígum, aðstöðu til stangveiða og bátalægi. Í Vatnsendalandi sunnanverðu er fyrirhuguð umfangsmikil skógrækt.

**Lækjarbotnar.** Á árinu 1991 voru unnin drög að framtíðarskipulagi svæðisins. Á grundvelli þess hefur þar verið ráðist í skógrækt og uppgræðslu. Svæðið mun í auknum mæli nýtast til útivistar. Suðurlandsvegur liggur í gegnum svæðið.

**Almenningsgarðar og ræktunarsvæði.** Fjórir almenningagarðar eru í eldri hluta bæjarins; Hlíðargarður, Rútstún, Hlégerðisgarður og Hólmagarður. Við Digraneskirkju og Lautasmára í Kópavogdal er fyrirhugaðir almenningsgarðar. Stefnt er að auka trjárækt, vanda frágang útivistarsvæða og stofnanalóða jafnframt því að fækka ófrágengnum svæðum í eldri hverfum bæjarins. Skólagarðar eru í Fossvogsdal, við Kópavogbraut og í Kópavogsdal.

**Stígar.** Aðalstígar tengja einstaka bæjarhluta og grannsveitarfélögin jafnframt því að liggja um stærstu útivistarsvæðin. Þeir eru ætlaðir jafnt gangandi og hjólandi fólki. Aðalstígar og reiðleiðir

eru sýndar á landnotkunaruppdrætti aðalskipulagins.

**Náttúruvernd og menningarminjar.** Í Kópavogi eru 5 svæði friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum, þrjú náttúruvætti; Borgir, Víghólar og Tröllabörn í Lækjarbotnum og tveir fólkvangar; Bláfjallafólkvangur og Reykjanesfólkvangur. Auk þess eru 2 staðir friðlýstir samkvæmt lögum um þjóðminjar, Þinghóll við Kópavog og Þingnes við Elliðavatn. Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulagsins eru ennfremur auðkennd 8 svæði eða staðir sem bæjarstjórn hefur samþykkt að vernda vegna sérstæðrar náttúru, landslags, söguminja, umhverfis- eða náttúruverndargildis. Bæjarstjórn getur þó leyft vissa starfsemi eða framkvæmdir á umræddum svæðum eða stöðum, sem tengjast eðli og hlutverki svæðanna eða eru í þágu almennings. Á einum þessara staða, Kópavogsleirunni er stefnt að friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum.

**Huliðsvættir.** Sögur um álfa og huldufólk eru hluti af mennigararfi þjóðar. Allir bæjarbúar þekkja Álfhólinn í Kópavogi og hvernig hann hefur verið látinn óhreyfður þó byggðin hafi færst nær. Fleiri staðir hafa verið nefndir sem bústaðir huliðsvætta svo sem Borgarholt, Vighóll, Fossvogsdalur, Hádegishólar og umhverfi Elliðavatns. En hversu margir eru staðirnir og hvar eru þeir? Enginn vill raska ró huliðsvætta að óþörfu og því var leitað til Erlu Stefánsdóttur, sjáanda til að segja til um hvar í bæjarlandinu þessir staðir væru. Eru þeir sýndir á landnotkunarkorti aðalskipulagsins.

**Bláfjöll.** Aðal skíðasvæðið á höfuðborgarsvæðinu er í Bláfjallafólkvangi sem auk Kópavogs er rekið af 12 öðrum sveitarfélögum á suðvestur horni landsins. Í Bláfjöllum hefur Kópavogsbær í samvinnu við skíðadeild Breiðabliks reist skíðamiðstöð.

**Íþróttasvæði.** Kópavogsvöllur er aðalkeppnisvöllur bæjarins. Tvö megin íþróttasvæði eru í Kópavogi. Íþróttasvæði Breiðabliks í Kópavogdal og íþróttasvæði Handknattleiksfélags Kópavogs (H.K.) í Fossvogsdal.

Í Íþróttahúsinu Digranesi eru höfuðstöðvar H.K. Húsið er sem stendur eina keppnishús bæjarins. Þar er einning félagsmiðstöð H.K., Myndlistarskóli Kópavogs hefur aðstöðu í húsinu. Í kjallara hússins hefur Skotfélag Kópavogs aðstöðu. Að auki eru íþróttahús við 3 af grunnskólum bæjarins

og íþróttahús Gerplu við Skemmuveg.

Sundlaug Kópavogs er á Rútstúni. Í skipulagsáætlunum er gert ráð fyrir sundlaug í Fossvogsdal og Kópavogsdal.

Siglingaklúbburinn Ýmir hefur aðstöðu við Vesturvör. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að höfn fyrir siglingarmenn verði á því svæði. Þó hefur sú hugmynd verið sett fram að siglingarmönnum verði sköpuð framtíðaraðstað á hafnarsvæðinu.

Félagssvæði hestamannafélagsins Gusts, Glaðheimar, er norðan í Hnoðraholti við Reykjanesbraut. Fyrirhugað er að taka um 1.500 m2 reiðskemmu á svæðinu í notkun á árinu 1994. Reiðleiðir frá svæðinu eru sýndar á landnotkunaruppdrætti. Annað hesthúsasvæði Heimsendi, er í Vatnsendalandi.




...and.

## SKÝRINGAR:

- Miðbær og miðhverfi
- Verslun og þjónusta
- Stofnanasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Íbúðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Helgunarsvæði meðfram stofnb
- Útivistarsvæði
- Íþróttasvæði
- Kirkjugarður
- Opin svæði til sérstakra nota
- Friðlýst svæði
- Bæjarvernd
- Skógræktarsvæði
- Vatnsverndarsvæði
- Blönduð landnotkun
- Svæði til síðari aukningar

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Tengibraut 2. flokkur
- Brýr og undirgöng
- Aðalgöngustígar
- Reiðleiðir
- Mislæg gatnamót
- Hulíðsvætti

Á fundi bæjarstjórnar________ var Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012 tekið til fyrri umræðu og samþykkt að auglýsa það opinberlega samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Aðalskipulagið var auglýst frá ____________. Bæjarstjórn samþykkti Aðalskipulagið endanlega hinn________

________________________
Sigurður Geirdal, bæjarstjóri.

Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012 var afgreitt af Skipulagsstjórn ríkisins til stjórnarráðsins til staðfestingar ____________.

Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012 staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 frá 21. maí 1964 og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu,____________

Norður

1 : 10000

400 200 0 200 400 600 800m

# 992-2012

# LANDNOTKUN
# AÐALGATNAKERFI

Bæjarskipulag Kópavogs
30. nóvember 1993

